

164 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnheiðar Bjarna-
27. júlí dóttur á Suður-Reykjum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála-
ráðherra 27. júlí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Bjarnadóttur á Suður-Reykjum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ástu Jónsdóttur og Bjarna Ásgeirssyni á Suður-Reykjum á silfurbrúðkaupsdegi þeirra 11. maí 1943, til minningar um dóttur þeirra, Ragnheiði, fædda 23. ágúst 1925 og dána 8. desember 1936.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, og ávaxtist í Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vera til styrktar og glaðnings fátækum skólabörnum í Mosfells skólahverfi og má verja til þess hálfum ársvöxtum, er sé úthlutað fyrir jól ár hvert, í fyrsta skipti árið 1945. Hálfir vextir skulu jafnan leggjast við höfuðstólinn, svo og þær gjafir er honum kunna að hlotnast. Þyki stjórn sjóðsins eitthvert ár ekki vera ástæða til úthlutunar úr sjóðnum, skulu allir ársvextirnir leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, formanni skólanefndar, er sé formaður sjóðsins, skólastjóra barnaskólans og oddvita hreppsnefndar Mosfellshrepps. Gegni einn maður fleiri en einu þessara starfa, skal hreppsnefndin tilnefna mann eða menn til viðbótar, þannig að stjórn sjóðsins sé jafnan skipuð þrem mönnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar fé úr sjóðnum samkvæmt skipulagsskránni og getur ákveðið til hvers því skuli varið. Hún hefur reikningsfærslu hans með höndum og sé hann endurskoðaður með hreppsreikningum ár hvert.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.